

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2025, mánudaginn 15. desember 2025 kl. 13:00 var haldinn 372. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Þórður Gunnarsson, Guðveig Eyglóardóttir og Valgarður Lyngdal Jónsson.

Valgarður tók þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tóku Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri og Snorri Hafsteinn Þorkelsson framkvæmdastjóri fjármála.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

### Þetta gerðist:

- Forstjóri og stjórnarfolk gerðu grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda. Yfirlit forstjóra þar um, dags. 15. 12. 2025, lagt fram, auk gagna sem afhent voru stjórn á milli funda.
- Fundargerð stjórnarfundar SF371 lögð fram. Fundargerð samþykkt og verður send til rafrænnar undirritunar.
- Snorri Hafsteinn Þorkelsson lagði fram og kynnti svohljóðandi tillögu til stjórnar um fjármögnunarheimild. Tillögunni fylgir greinargerð:

*Stjórn Orkuveitunnar (OR) veitir forstjóra eða framkvæmdastjóra fjármála heimild til fjármögnunar í formi skuldabréfaútgáfu, víxlaútgáfu eða bankaláns fyrir allt að markaðsvirði 32 ma.kr. á árinu 2026. Fjármögnunarheimildin er um 3 ma.kr. umfram fjármögnunarþörf samkvæmt samþykkttri endurskoðaðri fjárhagsspá fyrir árið 2026 á samstæðugrunni.*

*Framangreindar heimildir ná einnig til undirritunar allra skjala sem heimildir ná yfir.*

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Snorri lagði fram og gerði grein fyrir svohljóðandi tillögu um fyrirkomulag innri endurskoðunar. Tillögunni fylgir greinargerð:

*Stjórn Orkuveitunnar samþykkir að fela forstjóra að undirbúa í samráði við stjórnarformann, breytingu á fyrirkomulagi innri endurskoðunar fyrirtækisins með það fyrir augum að færa verkefnið til Orkuveitunnar.*

Afgreiðslu tillögunnar frestað til næsta fundar. Forstjóra falið að framlengja samning við innri endurskoðun Reykjavíkurborgar til 6 mánaða. Stjórnarformaður óski eftir afstöðu eigenda til tillögunnar.

Vegna fyrirspurnar frá Ragnhildi Öldu Maríu Vilhjálmsdóttur milli funda gerði Snorri grein fyrir tryggingum í tengslum við samninga við Norðurál.

Áhættuskýrsla dags. 10. desember 2025 lögð fram.

4. Klukkan 14:19 mætti til fundarins Eiríkur Hjálmarsson og kynnti framsetningu skýrslu stjórnar í ársreikningi ársins 2025 auk stöðu sjálfbærni-regluverks ESB.
5. Lagt fram erindi Innri endurskoðunar og ráðgjafar, dags. 2. desember 2025 ásamt skýrslu um eftirfylgniúttekt II á innri endurskoðun á aðfangaverli.

HLÉ

6. Drög að starfsáætlun stjórnar fyrir árið 2026 lögð fram til samþykktar.  
Samþykkt samhljóða.
7. Minnisblað um auðlindir, nýsköpun, sjálfbærni og umhverfi, dags. 12. desember 2025 lagt fram.
8. Dótturfélög. Eftirfarandi stjórnarfundargerðir (drög) og skýrslur framkvæmdastjóra um starfsemina á milli stjórnarfundar lagðar fram til upplýsingar:

Minnisblað framkvæmdastýru Veitna dags. 08.12.2025.

Fundargerð Veitna nr. 173 dags. 20.11.2025

Fundargerð stjórnarfundar Ljósleiðarans nr. 246 dags. 21.11.2025.

Fundargerð stjórnarfundar Ljósleiðarans aukafundur dags. 10.09.2025.

Fundargerð stjórnarfundar Ljósleiðarans aukafundur dags. 03.10.2025.

Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans dags. 12.12.2025.

ON mun halda sinn stjórnarfund 17. desember nk. og mun minnisblað þess fundar og fundargerð nóvemberfundar koma til upplýsingar á fundi janúarmánaðar.

9. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli funda, dags 15.12.2025.  
Umræður.

Skúli Þór Helgason óskar bókað:

*Óskað er eftir yfirliti yfir opinberan stuðning nágrannaþjóða austan hafs og vestan við kolefnisbindingarverkefni. Jafnframt er óskað eftir mati á því hvað væri æskilegur stuðningur íslenskra stjórnvalda við slík verkefni sem hlutfall af tekjum ríkisins af sölu ETS losunarheimilda, til að tryggja samkeppnisstöðu Íslands í þessum málaflokki.*

10. Önnur mál.

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 15:40.**

**Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 26. janúar 2026**

Gylfi Magnússon,

Vala Valtýsdóttir, Ragnildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Skúli Þór Helgason  
Þórður Gunnarsson, Guðveig Eyglóardóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson.